



Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis,
b.t. Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, formanns.

9. júní 2020.

Á fundi sem forseti og skrifstofustjóri Alþingis áttu með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þann 26. maí sl., þar sem til umfjöllunar var tillaga til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað, 334. mál á þskj. 379, var óskað eftir því að skrifstofustjóri sendi nefndinni skriflega þau sjónarmið sem reifuð voru af hálfu skrifstofunnar og gerði grein fyrir afstöðu hennar til tillögunnar.

Skrifstofan er sammála því markmiði sem kemur fram í greinargerð tillögunnar að stuðla eigi að því að Alþingi verði fjölskylduvænn vinnustaður jafnt fyrir þingmenn og starfsfólk. Um er að ræða málefni sem mjög varðar hag alls starfsfólks Alþingis ekki síður en þingmanna. Því er óskað eftir að fulltrúar skrifstofu Alþingis eigi aðkomu að starfshópnum sem lagt er til að verði skipaður til að vinna að úrbótum. Tekið skal fram að skrifstofan er sammála því sjónarmiði að stór þáttur í úrlausn þessa viðfangsefnis er stjórn málalegs eðlis og kallar m.a. á breytingar á þingsköpum og endurskoðun á starfsháttum Alþingis.

Það er rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að skrifstofa Alþingis vinnur skv. starfsmannastefnu, sem skrifstofan hefur sett sér, en þar m.a. lögð áhersla á að skrifstofa Alþingis sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæft og metnaðarfullt starfsfólk þar sem lagt er kapp á að aðbúnaður, hollustuhættir og starfsaðstæður séu í góðu horfi. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólki sé gert mögulegt að samræma fjölskylduábyrgð starfsskyldum sínum. Í jafnréttisáætlun skrifstofunnar er einnig lögð áhersla á sveigjanleika og fjölskylduábyrgð. Þá hefur skrifstofan sett sér gildi sem jafnan skal hafa í fyrirrúmi, en þau eru fagmennska, þjónustulund og samvinna.

Það að tekið sé á því í þingsályktunartillögunni að skapa þingmönnum og starfsfólki þingsins starfsumhverfi sem tryggir að jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs er löngu tímabært og það fær aukið gildi í ljósi stefnu ríkis og

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis



aðila vinnumarkaðarins um styttingu vinnutímans. Í því sambandi má nefna að forseti Alþingis hefur nýlega undirritað kjarasamning við starfsfólk Alþingis þar sem tekið er mið af almennum ákvæðum í kjarasamningnum opinberra starfsmanna um almenna styttingu vinnutímans frá 1. janúar 2021. Leiðarljósið við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar er að styttingin auki ekki álag og yfirvinnu. Þetta verkefni verður krefjandi fyrir stjórnendur skrifstofunnar og krefst jafnframt stuðnings þeirra sem stýra skipulagi þinghaldsins.

Undanfarin misseri hefur verið aukin þungi í umræðunni meðal stjórnenda og starfsfólks Alþingis um mikilvægi þess málefns sem fjallað er um í tillögunni. Mikið er í húfi. Ber þar fyrst að nefna heilsu og velferð starfsfólks. Þá hefur Alþingi á að skipa úrvals starfsfólki en staðreyndin er sú að í þeim efnum keppir þingið við bæði opinbera geirann og atvinnulífið. Ef tryggja á að Alþingi njóti áfram krafta hæfs starfsfólks þarf því að taka af fullri einurð á því máli sem þingályktunartillagan fjallar um. Skrifstofa Alþingis ítrekar því stuðning sinn við það sameiginlega markmið þingmanna og starfsfólks að gera Alþingi að fjölskylduvænum vinnustað. Þetta er mál sem þolir ekki frekari bið.

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis